



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á hátíðarsamkomu  
í tilefni af  
100 ára afmæli Garðs  
15. júní 2008**

Virðulegi ráðherra, alþingismenn,  
bæjarstjórn, Garðbúar  
og aðrir hátíðargestir.

Það hefur ætíð verið sérstakur ljómi yfir Rosmhvalanesi, krafthljómur veðursins á stundum ógnvekjandi, náttúran hrífandi í sólskini eða hríðarbyl, úthafsaldan völdug og sterk.

Því er skiljanlegt að Ingólfur Arnarson sem í árdaga landnámsins vildi sýna Steinunni frænku sinni sérstakan höfðingsskap skuli hafa boðist til að gefa henni nesið. Kjarnakonan mat rausnarskapinn mikils og gætti vel að landgæðum, hrakti á brott Gufa Ketilsson sem „vildi byggja að Gufuskálum“ hér á nesinu eins og Landnáma greinir. Steinunn hét honum í staðinn að „vermannastöð skyldi vera ávallt frá Hólmi“; kennileiti í landi Garðs, kjörinn staður til útræðis.

Sjósóknin varð strax á fyrstu árum Íslandsbyggðar aðal lífsbaráttunnar hér í Garði, hafið gjöfult en gat líka verið grimmur húsbóndi; mannfórnir miklar þegar skipin fórust í brimgarðinum. Sagnir greina að eitt sinn hafi 47 lík rekið á land í Garði, verið sett hlið við hlið í fjöldagröf á Útskálum. Konur og börn syrgðu feður og frændur, eiginmenn og ástvini kæra.

Hetjur hafsins hafa löngum ráðið mestu um búsældina, sjávaraflinn undirstaðan að velmegun og lífskjörum fólksins í Garði. Gæði fiskverkunar annáluð um landið allt. Margir töldu saltfiskinn héðan skara framúr í samanburði við afurðir frá öðrum byggðum; þótt vafasamt sé að nágrennar ykkar í Grindavík vilji samþykkja það.

Saga Garðs er svo samofin sögu Íslands frá landnámstíð til okkar daga að hún birtir í hnotskurn lærdóma sem aldirnar hafa fært okkur.

Garðurinn sameinar allt hið besta sem gert hefur Íslendinga að farsælli þjóð, óbilandi bjartsýni þrátt fyrir erfiði og raunir, fátækt og harðræði sem oft voru örlög fólksins, en um leið sóknaranda sem reyndist vel þegar aukið sjálfstæði og efnahagsleg endurreisn opnuðu þjóðinni nýjar leiðir.

Hér voru í forystu landsfrægir athafnamenn og sjósóknarar, dugnaðarforkar sem tóku málin í sínar hendur þegar aðrir töldu flestar bjargir bannaðar. Þeir komu á fót eigin landhelgisgæslu til að hrekja veiðiþjófa burt af miðum Garðs. Hreppsnefndin ákvað 1913 að gera út sérstakan landhelgisbát, vélskipið Ágúst, sem hlýtur að teljast fyrsta varðskip Íslendinga. Þessi landhelgisgæsla Garðmanna varð árangursrík, skilaði þeim auknum og verðmætari afla. Þetta er merkileg saga sem ætti að gera verðug skil – og þess vegna eðlilegt að Landhelgisgæslan reisti höfuðstöðvar hér í Garði til heiðurs þeirri dugnaðarsveit sem tók varnirnar í sínar hendur þegar annað brást.

Andi brautryðjenda, framfara og nýrrar sýnar birtist hér á fleiri sviðum. Barnaskólinn í Garði er sá þriðji elsti á landinu, hefur starfað óslitið frá stofnun 1872. Það var tveimur árum áður en konungurinn færði þjóðinni hina fyrstu stjórnarskrá; á tíma þegar Jón Sigurðsson var enn í fararbroddi baráttunnar fyrir auknum rétti.

Menntun æskunnar hefur ætíð verið metnaðarmál byggðarlagsins. Íþróttamannvirkin á okkar tímum sýna glögg hve traustum fótum sú arfleifið stendur; þróttmikil æska, keppnislið, alúð við fræðslu og þroska – allt eru þetta eiginleikar sem ríkulega hafa mótað mannlíf í Garði.

Hér hafa vitarnir ekki aðeins verið ljósgjafar og kennileiti, vísað sjófarendum leiðina í vályndum veðrum, heldur líka tákni um hugsun fólksins, reisu byggðarlagsins, hinn ríka vilja til að sækja fram, stefna hærra, vísa veginn.

Garðurinn hefur skapað sér sérstakan sess, ekki bara á Suðurnesjum, heldur einnig í hugum Íslendinga; byggðarlag sem í ölduróti breytinganna hefur haldið sérkennum sínum, sækir innblástur í margbrotna sögu fyrri alda og náttúrufegurð, heimkynni fjölbreytts fuglalífs, leikvöll hvala og sela sem birta okkur á hverjum degi dýrðina í sköpunarverki heimsins.

Þegar alþjóðavæðing og aðrir straumar hafa á okkar tímum tilhneigingu til að fella allt í sama mót þá er áriðandi að byggðarlög eins og Garðurinn haldi sínu, geri þjóðinni kleift að njóta kosta fjölbreytileikans, hlúi að rótunum sem hér eru sterkar og liggja djúpt.

Ég færi ykkur á merkum tímamótum heillaóskir Íslendinga og þakka fyrir margar ánægjustundir sem ég hef átt hér á umliðnum áratugum. Það hafa verið forréttindi að sækja ykkur heim, kynnast hinu frábæra fólki sem gert hefur Garðinn að sérstakri veröld, byggðaperlu sem eykur fjölbreytileika Suðurnesja og er á einstakan hátt samofin sögu Íslendinga frá árdaga landnáms til nýrrar aldar.

Hjartanlegar hamingjuóskir.